

AUGLÝSING

1

16. jan.

um að Ísland hafi undirritað sáttmála matvæla- og landbúnaðarstofnunar hinna sameinuðu þjóða.

Hinn 16. október 1945 var í Quebec, Kanada, undirritaður af hálfu Íslands sáttmáli matvæla- og landbúnaðarstofnunar hinna sameinuðu þjóða (Food and Agriculture Organization of the United Nations). Þar eð fleiri en hinar tuttugu áskildu þjóðir undirrituðu sáttmálann þennan dag, gekk hann í gildi samdægurs.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, hinn 16. janúar 1946.

Ólafur Thors.

AUGLÝSING

2

16. jan.

um að Ísland hafi staðfest sáttmálana um stofnun alþjóða-gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 105 21. desember 1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins, voru undirritaðir í Washington hinn 27. desember 1945 af Íslands hálfu, sáttmálarnir um stofnun alþjóðagjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, hinn 16. janúar 1946.

Ólafur Thors.

FORSETABRÉF

3

18. jan.

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda föstudaginn 1. febrúar 1946, kl. 13,30.

Ritað í Reykjavík, 18. janúar 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.